

— **Pungt vatn**

Framh. af bls. 1.

aðir, t.d. Krísuvík. Hefðu sérfræðingarnir farið til Þorlákshafnar til þess að athuga þar aðstæður í höfninni með það fyrir augum að efni til þungavatns-iðjuversins yrði skipað þar á land.

Próf. Kowarski sagði: Ef þær umræður sem framundan eru, og byggðar verða á skýrslum okkar, leiða til þess að Evrópuþjóðirnar telji sér það kleift að eiga hlutdeild í byggingu þunga vatnsvers hér á landi, þá þykir okkur sennilegt að þjóðirnar muni mynda með sér alþjóðleg samtök, sem svo munu hefja viðræður við Íslendinga um málið.

Sérfræðingarnir sögðu að áætlanir þær er nú hafi verið miðað við, sé að þungavatns-framleiðslan verði 100 lestir á ári til að byrja með en möguleikar væru til aukningar allt upp í 400–500 lesta ársframleiðslu.

Próf. Weiss, sem er sérfræðingur í byggingu þungavatnsvera, sagði að bygging 100 lesta vers myndi taka 3–4 ár. Byggingarvinnan myndi þurfa gífurlegan mannafla, allt að 2000 manns, og áætla mátti að verið myndi kosta um 40 milljónir dollara. Sérfræðingarnir sögðust hafa kynnt sér mannvirkjagerð hér á landi og væri sá þáttur iðnaðar landsmanna sýnilega vel á vegi staddur, en nefndarmenn höfðu skoðað Aburðarverksmiðjuna, Sementsverksmiðjuna svo og orkuverin austur við Sog.

Dr. Kowarski sagði að gefnu til efni, að hann og „collegar“ hans þar á blaðamannafundinum, myndu vera á einu máli um að þungt vatn yrði framvegis mjög veigamikilið.

Það eru um 25 ár síðan þungt vatn var fyrst uppgötvað. Allt vatn, hvar sem er á jörðinni, inniheldur um það bil sama hundraðs hluta af þungu vatni. Í um það bil 7000 lítrum af vatni er einn lítri af þungu vatni. Þetta er ekki mikið magn og mikla orku þarf til að skilja það frá. Nota má annaðhvort varmaorku eða raforku til þess. Þungt vatn er því mjög dýr vara, en þó ekki eins dýr og gull; eins og er það selt á \$62 kílóíð í Bandaríkjunum.

Þungt vatn er notað í kjarnorkuofnum. Það er ekki nauðsynlegt en mjög heppilegt. Ýmis önnur efni má nota, en þungt vatn er þó langheppilegast svo framfarlega sem hægt er að framleiða það á sem ódýrastan hátt. Stórt raforkuver myndi þurfa nokkur hundruð lestir af þungu vatni. Bretar hafa hingað til notað grafit sem hægi í sínum kjarnorkustöðvum, en þungt vatn hefur allt þar til fyrir ca. 2 árum verið mjög dýrt. Ein leið til að lækka verðið á þungu vatni, er að nota ódýra orku, t. d. hitaorkuna úr hveragufunni hér á Íslandi, til að framleiða þungt vatn.

Miðað við þá ársframleiðslu á þungu vatni sem við höfum nér reiknað með, 100 lestum, þá myndi verðmæti ársframleiðslu Íslendinga verða um 6,2 millj. dala, eða um 100.000.000 íslenskra króna.

Dr. Kowarski lauk máli sínu með því að undirstrika það atriði, sem hér skiptir mestu máli og veldur sérstöðu Íslands, en það er að á næstu árum þegar raforkuframleiðsla byggist á atomorkunni, þá mun Evrópuþjóðirnar skorta þungt vatn. Þær nafa ekki möguleika til að framleiða það með ódýrum hætti, annaðhvort verða þær að brenna olíu eða kolum, sem í rauninni er skortur á. Hér á Íslandi er mikil ónotuð og ódýr orka. Til viðbótar má svo einnig telja að Evrópuþjóðirnar skortir dollara. Ísland er miklum mun nær markaðslöndunum.



Julius Katona

Lög úr söngleikum á tónleikum útvarpsins

NÆSTA sunnudag, 4. maí, kl. 4 síðdegis, efnir Hljómsveit Ríkisútvarpsins til tónleika í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Hans-Joachim Wunderlich.

Viðfangsefni hljómsveitarinnar á þessum tónleikum eru einvörðungu úr óperum og óperettum.

Fyrri hlutinn eru ariur og dúettar úr óperunum „Aida“, „La Traviata“, „Otello“ og „Vald örlaganna“ eftir Verdi og úr „Cavalleria Rusticana“ eftir Mascagni. Síðari hlutinn er úr ýmsum óperettum, þar á meðal „Leðurblöðunni“ eftir Strauss, „Betlistudentinum“ og „Die Dubarry“ eftir Millöcker, og „Paganini“ eftir Lehár.

Með hljómsveitinni syngja fjórir söngvarar: Sópransöngkonan Kerstin Anderson og Julius Katona kammersöngvari (tenór) frá Þýskalandi, og svo Guðrún Á. Símonar og Guðmundur Jónsson. Kammersöngvarinn Julius Katona er mjög þekktur í Þýskalandi, þar sem hann nú syngur við Hamborgaróperuna og Ríkisóperuna í Berlín. Söngkonan Kerstin Anderson hefur einkum sungið mikið í útvarp víða í Þýskalandi. Þessir tveir gestir koma hingað fyrir milligöngu þýzka sendiráðsins í Reykjavík. Eru þeir væntanlegir til Reykjavíkur í kvöld og koma eingöngu til að syngja fyrir útvarpið.

Aðgöngumiðar að þessum tónleikum verða seldir í Þjóðleikhúsinu.

Fjöldmenn útför Jóns Haraldssonar

ARNESI, S-Þing., 30. apríl. — Útför Jóns Haraldssonar, bónda og póstaðgreiðslumanns á Einarstöðum fór fram í gær að Einarstaðakirkju, að viðstöddu afar miklu fjölmenni, hvaðanæva að úr sýsnni. Sóknarpresturinn, séra Sigurður Guðmundsson, Grenjaðarstað, jarðsöng. — Smárakvartettinn frá Akureyri söng við undirleik Jakobs Tryggvasonar. Einsöngvari var Jóhann Konráðsson. Pétur Sigfússon flutti kveðju. Tvö minningarljóð bárust og las sóknarpresturinn þau upp. Jarðarförin var mjög hátíðleg og virðuleg.

— Hermóður.

Söngskemmtun Fóstbræðra

SÍÐUSTU hljómléikar Fóstbræðra verða á föstudag kl. 7 e. h. en ekki á fimmtudagskvöld eins og misritaðist í blaðinu. Hljómléikarnir hafa verið haldnir fyrir troðfullu húsi og við óvenjumikla hrifningu.

Bærin kaupir listaverk

Á FUNDI bæjarráðs sem haldinn var á þriðjudaginn, var m. a. rætt um kaup á tveimur listaverkum og loks um staðsetningu á höggmynd.

Listaverkanefnd bæjarins hefur fjallað um þessi mál og það er í fyrsta lagi tillaga frá nefndinni um að höggmyndin „Hafmeyjan“ eftir Nínu Sæmundsson, skuli sett út í Reykjavíkurtjörn í suðvesturhorn hennar. Á þetta féllst bæjarráð. Þá hefur listaverkanefndin rætt um kaup á höggmyndinni „Knattspyrnumenn“ sem Sigurjón Ólafsson myndhöggvari hefur gert. Bæjarráð ákvað að fá umsögn Laugardalsnefndar og stjórnar íþróttasvæðanna um þetta mál.

Loks var svo samþykkt tillaga frá listaverkanefnd um að bærin kaupir listverfnað hjá frú Ester Búadóttur og skal hann settur upp í heilsuverndarstöðinni.

Kom með góðan þorskafla af Austur-Grænlandsmiðum

PATREKSFIRÐI, 30. apríl. — Togarinn Ólafur Jóhannesson kom hingað í dag af Austur-Grænlandsmiðum, eftir 13 daga útvist. Togarinn landaði tæpum 340 lestum af karka og þorski. Þorskurinn, sem var 130 lestir, var gotuborskur. Mun það vera nýmæli, að þorskur veiðist á þessum slóðum. Mestur hluti af fiskinum verður frystur en hluti af þorskaflanum fer til skreiðarvinnslu.

Ketil- og lestarhreinsun stendur nú yfir í togaranum og mun hann að öllum líkindum fara aftur út á Grænlandsmið á morgun. Gylfi er á veiðum við Austur-Grænland. — Karl.

Ísbyggilegar horfur á jarðræktarframkvæmdum í S-Þing.

ARNESI, S-Þing., 30. apríl. — Ísbyggilega horfir hér með jarðræktarframkvæmdir í vor og sumar vegna vöntunar á varahlutum í ræktunaryélar. Síðan í fyrra hafa engin leyfi verið veitt fyrir varahlutum í jarðýtur, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Í vetur hefur því ekki verið hægt að gera vélar ræktunarsambandanna í stand fyrir sumarið eins og venja er til og nauðsyn krefur. Eru nú margar ýtur óvinnufærar á þeim tíma er vélarnar þurfa að vera tilbúnar til sumarstarfanna.

Skapar þetta ástand ófyrirsjáanleg vandræði fyrir ræktunarsamböndin, sem hafa tekið að sér ræktunarmálefni bænda eins og kunnugt er. Skilningsleysi stjórnarvaldanna á þessum málum er beint tilræði við íslenska bændastétt og íslenskan landbún og að þá ræktunarbúna er undanfarið hefur ríkt í sveitum landsins, og hrundið var af stað 1945 með lögunum um ræktunarsamþykktir. Ef þessi mikilvæga þróun verður stöðvuð eða lömuð eins og nú horfir líta bændur á þær ráðstafanir mjög alvarlegum augum. — Hermóður.

ARNESI, 30. apríl. — Rafmagníð hækkaði hér um 10% frá með apríl úr 65 aukum kvst. í 71,5 auka. Það er Rafmagnsveita ríkisins sem stendur fyrir hækkingu. — Hermóður.

Nixon í Argentínu

BUENOS AIRES, 30. apríl (Reuters) — Varaforseti Bandaríkjanna, Richard E. Nixon kom í dag fljúgandi til höfuðborgar Argentínu. Hann ætlar að vera viðstaddur hátíðahöldin á morgun, þegar Frondizi, hinn nýkjörni forseti verður settur inn í embættið.

Nixon mun nota tækifærið og heimsækja næstu daga ýmis Suður-Ameríku-ríki svo sem Uruguay, Paraguay, Bolívíu, Perú, Ekvador og Venzúela.

Libya óskar efnahagsaðstoðar

LONDON, 30. apríl. (Reuters) — Forsætisráðherra Libyu, Abdul Majid Koobar er nú staddur í Lundúnum og á viðræður við Selwyn Lloyd utanríkisráðherra Breta. Það er ætlun hans að semja við Breta um fjárhagsstyrk til Libyu. Getur þetta unga ríki í Norður-Afríku ekki séð sjálfa sér farborða án efnahagsaðstoðar.

Góð tíð

ARNESI, S-Þing., 30. apríl. — Síðan fyrir páska hefur verið hér stillt og góð tíð, með hægunum bata. Snjó hefur stöðugt tekið upp, þótt hægt hafi farið. Víða eru því komnir upp ágætir saufjánhagar, einkum við sjóinn, þar sem snjóminnst var.

Sauðfé er þó enn á stöku bæjum á fullri innigjöf. Ásetningi er lokið og virðast heybirgðir víðast hvar vera allgóðar í héraðinu. — Hermóður.

Nora Brocksted til Reykjavíkur

HINGAÐ kemur um helgina hin vinsæla og þekkt söngkona, Nora Brocksted, ásamt undirleikara og mun hún halda hér tvo til þrjá hljómléika í Austurbæjarbíói.

Nora skipar nú efsta sess meðal dægurlagasöngvara Norðurlanda, og var fyrir skemmstu valin bezta „jazz-söngkona Norðurlanda“ í söngkeppni, sem nefnd er „All-Star“ er haldin var í Ósló. Þar vakti hún verðskuld aða athygli og kom öllum á óvart sem jazz-söngkona, því að hún hefur aðallega haldið sig að hinum rólegri dægurlögum.

Þess má geta sem dæmis um hversu eftirsótt Nora Brocksted er til hljómléikahalds, að reynt hefur verið síðastliðin þrjú ár að fá hana hingað, en ekki tekizt fyrr en nú, og því miður ekki nema í þrjá daga.

Á hljómléikum þessum kemur fram í fyrsta skipti 14 ára rokk-söngvari, Haraldur Haraldsson, og er hann talinn ágætur „rokk-söngvari“.

Hljómsveit Gunnars Ormslevs leikur nýjustu danslög og hinn vinsæli dægurlagasöngvari Haukur Morthens, syngur með hljómsveitinni og annast kynningu skemmtiatriða. Þess má geta að hér er um kveðjuhljómléika Gunnars Ormslevs að ræða, en hann og hljómsveit hans eru á förum til útlanda og munu leika á ýmsum stöðum erlendis í sum ar. —

Hljómléikar þessir hefjast á sunnudaginn, 4. maí, í Austurbæjarbíói, kl. 11,15 síðdegis.

Mitt innilegasta þakklæti færi ég öllum þeim, er auðsýndu mér tryggð og vináttu á sextiu og fimm ára afmæli mínu 21. apríl s.l.

Lifið heil.

Ólafur Arnason,
Gimli, Grindavík.

Hjartanlega þakka ég öllum þeim, sem heimsóttu mig, færðu mér gjafir og glöddu mig á annan hátt á 70 ára afmæli mínu.

Guð blessi ykkur öll.

Þórunn Guðmundsdóttir, Fíflholtshjáleigu.

Hugheilar hjartans þakkir til allra ættingja og vina fjær og nær, sem glöddu mig á 60 ára afmæli mínu 27. marz síðastliðinn, með heimsóknum, gjöfum og heillaskeytum, hlýjum orðum og kvæðum, og gerðu mér að öllu leyti daginn ánægjulegan og ógleymanlegan.

Guð blessi ykkur öll.

Ólafía Sveinsdóttir,
Syðri-Karástöðum, Vatnsnesi, V-Hún.

KNUT HERTERVIG frá Siglufirði andaðist að Stórholti 21 í Reykjavík aðfaranótt 30. apríl.

Svava Hertervig,
Sigurbjörg Hálfánardóttir.

Innilegar þakkir flytjum við öllum þeim sem heiðruðu minningu föður okkar

GÍSLA JÓHANNESSONAR
múrara, frá Seli í Holtum.

Börn og tengdabörn.

Jarðarför

MAGNÚSAR P. ÖFJÖRÐ

fer fram frá Gaulverjabæjarkirkju laugardaginn 3. maí kl. 14.00.

Bílferð verður frá bifreiðastöð Íslands kl. 11.30.

Vandamenn.